



4. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2012-2013 haldinn föstudaginn 19. apríl 2013 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Steinþór Einarsson formaður skólanefndar, Þorkell Máni Pétursson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður skólanefndar, Sigrún Gísladóttir boðaði forföll. Fundinn sátu einnig Sigríður Einarsdóttir fulltrúi foreldra, Gunnar Hólmsteinn Ársælsson fulltrúi kennara og Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari.

Gestir fundarins voru Gunnlaugur Sigurðsson fyrrverandi skólastjóri Garðaskóla og Þorsteinn Þorsteinsson fyrrverandi skólameistari FG.

Fundargerð 3. fundar skólanefndar hafði verið send skólanefndarfulltrúum í tölvupósti og samþykkt. Hún hefur verið sett á heimasíðu skólans.

1. Umsókn bæjarstjórnar Garðabæjar um að taka að sér rekstur FG

Gunnlaugur og Þorsteinn kynntu málið fyrir skólanefndinni. Verið er að fylgja eftir samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar um að taka að sér rekstur FG. Hugmyndin að baki er að hafa samfellu í skólastarfi í bænum. Þeir telja bæinn vera hentugan til að koma á ákveðnum breytingum sem m.a. felst í meiri samfellu í námi og meira samstarfi milli skólastiga. Áherslan eigi að vera sú að nemendur velji sér nám í framhaldsskólanum fremur en að velja skóla.

Skólanefndarmenn töldu skýrslu tvímenninganna gefa tilefni til mikillar umræðu um skólakerfið í heild og væri það mjög jákvætt. Mikilvægt væri að flýta sér hægt og vinna málið á réttum forsendum.

Að loknum líflegum umræðum yfirgáfu Gunnlaugur og Þorsteinn fundinn.

2. Fjármál skólans

Fundarmenn höfðu fengið senda rekstraráætlun fyrir árið 2013 svo og ársreikning skólans frá Fjársýslu ríkisins fyrir fundinn. Ljóst er að reksturinn hefur verið og er enn erfiður. Ítrasta aðhalds hefur verið gætt í rekstrinum og verður ekki lengra gengið í þeim efnum án þess að skerða þjónustuna.

3. Námskrárbreytingar

Greinargerð um þær námskrárbreytingar sem nú standa yfir var send fundarmönnum og fór Kristinn skólameistari yfir málið. Ný námskrá var tekin formlega í notkun haustið 2012, nýjar brautir eru komnar inn á heimasíðu skólans. Nýrri námskrá fylgja töluverðar breytingar, fyrst og fremst í kennsluháttum og auknum kröfum.

Næsti fundur skólanefndar verður föstudaginn 7. júní.

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.